


Kópavogsbær
Smári Smáráson,
skipulagsstjóri
Fannborg 2
200 Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 19. júní 2009
Tilvísun: UST20090300122/ksj

Vatnsendi - Milli vatns og vegar. Breytt deiliskipulag

Vísað er til erindis Bæjarskipulags Kópavogs er barst 26. mars sl. þar sem óskað er umsagnar á breyttu deiliskipulagi á landinu Vatnsendablettur nr. 134. Á lóðinni Vatnsendablettur nr. 134 er heimild fyrir sumarhús með heilsársleyfi. Í tillögu að breyttu deiliskipulagi er landinu nr. 134 við Vatnsendablett skipt niður í 4 lóðir; Vatnsendablett 134a sem verður 1909m², Vatnsendablett 134b sem verður 2459 m², Vatnsendablett 134c sem verður 2857m² og Vatnsendablett 134d sem verður 3407 m².

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir landið Vatnsendablettur nr. 134.

Fram kemur í greinargerð að landnotkun verði samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að koma fram í greinargerð hver sú landnotkun er, en miðað við aðalskipulagshluta er fylgir erindinu er um opið svæði að ræða. Í greinargerð kemur fram að aðkoma að hverri lóð verði frá Elliðahvamsvegi. Á uppdráttum er fylgja erindinu er aðkoman að lóðunum um göngustíg og reiðleið. Ekki eru byggingarreitir merktir inn á uppdráttinn, aðeins sýnd bílastæði. Fyrirhugaðar lóðir eru á bakka Elliðavatns sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 37. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd sem stöðuvatn stærra en 1000m².

Eins og fram kemur í grein 4.15.2 *Vötn, ár og sjór* í skipulagsreglugerð skal gæta þess að byggja ekki nær vötnum, ám eða sjó en 50 metra. Þar sem ekki er gert ráð fyrir byggingum á viðkomandi reitum gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við að lóðinni verði skipt. Umhverfisstofnun vekur athygli á því að ef landnotkun breytist á reitunum skal leita umsagnar stofnunarinnar enda er vatnið undir sérstakri vernd samkvæmt framangreindu.

Virðingarfyllst

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Olafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun